

ALÞINGISTÍÐINDI

2003

HUNDRAÐ TUTTUGASTA OG
NÍUNDA LÖGGJAFARÞING

A

ÞINGSKJÖL

REYKJAVÍK
GUTENBERG HF
2003

ISSN 1028-6063 Alþingistíðindi
ISSN 1017-3641 Þingskjöl
ISSN 1017-365X Umræður
ISSN 1026-3233 Efnisyfirlit

Skrifstofa Alþingis hefur annast útgáfu Alþingistíðindanna.

I. Álit og tillögur meiri hluta kjörbréfanefndar.

Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar kjörbréf þau sem landskjörstjórn gaf út 16. maí 2003 í samræmi við úrslit alþingiskosninga sem fram fóru 10. maí sl.

Þá hefur nefndinni borist bréf frá dómsmálaráðuneytinu, dags. 23. maí 2003. Bréfinu fylgdu í innsigliðum umslögum ágreiningsseðlar úr Suðvesturkjördæmi, Norðausturkjördæmi og Suðurkjördæmi, ásamt endurritum úr gerðabókum yfirkjörstjórna sömu kjördæma.

Í Suðvesturkjördæmi kom upp ágreiningur um sjö utankjörfundaratkvæði sem merkt voru bókstafnum „V“. Meiri hluti yfirkjörstjórnar kjördæmisins var sammála um að atkvæðin væru ógild með vísan til b-liðar 100. gr. laga nr. 24/2000, þar sem kveðið er á um að meta skuli atkvæði ógilt ef það sem stendur á utankjörfundarseðli geti ekki með vissu átt við nokkurn af þeim listum sem í kjöri eru. Í Norðausturkjördæmi kom upp ágreiningur um tvö utankjörfundaratkvæði sem merkt voru bókstafnum „V“. Meiri hluti yfirkjörstjórnar í kjördæminu var sammála um að atkvæðin væru ógild. Meiri hluti nefndarinnar telur að staðfesta eigi úrskurð yfirkjörstjórna í Suðvestur- og Norðausturkjördæmum. Í Suðurkjördæmi kom upp ágreiningur um tvö atkvæði. Yfirkjörstjórn úrskurðaði annað atkvæði D-lista en meiri hluti yfirkjörstjórnar úrskurðaði hitt atkvæðið ógilt. Meiri hluti nefndarinnar telur að staðfesta beri úrskurð yfirkjörstjórnar í Suðurkjördæmi. Aðrir ágreiningsseðlar bárust ekki.

Enn fremur hefur nefndinni borist bréf frá dómsmálaráðuneytinu, dags. 23. maí 2003. Með því var send kosningakæra frá umboðsmanni kjördæmisfélaga Frjálslynda flokksins í Reykjavíkurkjördæmum norður og suður, Björgvini Agli Vídalín Arngrímssyni. Í kærinni er gerð krafa um endurtalningu atkvæða í nýafstöðnum alþingiskosningum. Meiri hlutinn telur ekki ástæðu til að draga lögmati kosninganna í efa og álitur ekki forsendur til endurtalningar, upp-kosningar eða að aðhafast frekar.

Meiri hlutinn leggur til, í samræmi við 46. gr. stjórnarskrár og 2. mgr. 1. gr., sbr. 5. gr., þingskapa, að kjörbréf eftirfarandi aðalmanna og varamanna verði **samþykkt**:

Aðalmenn:

Sturla Böðvarsson, 1. þm. Norðvest.
Jóhann Ársælsson, 2. þm. Norðvest.
Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.
Einar K. Guðfinnsson, 4. þm. Norðvest.
Guðjón A. Kristjánsson, 5. þm. Norðvest.
Anna Kristín Gunnarsdóttir, 6. þm. Norðvest.
Kristinn H. Gunnarsson, 7. þm. Norðvest.
Jón Bjarnason, 8. þm. Norðvest.
Einar Oddur Kristjánsson, 9. þm. Norðvest.
Sigurjón Þórðarson, 10. þm. Norðvest.

Valgerður Sverrisdóttir, 1. þm. Norðaust.
Halldór Blöndal, 2. þm. Norðaust.
Kristján L. Möller, 3. þm. Norðaust.
Jón Kristjánsson, 4. þm. Norðaust.
Steingrímur J. Sigfússon, 5. þm. Norðaust.
Tómas Ingi Olrich, 6. þm. Norðaust.

Einar Már Sigurðarson, 7. þm. Norðaust.
Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðaust.
Birkir J. Jónsson, 9. þm. Norðaust.
Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.

Margrét Frímansdóttir, 1. þm. Suðurk.
Árni R. Arnason, 2. þm. Suðurk.
Guðni Ágústsson, 3. þm. Suðurk.
Lúðvík Bergvinsson, 4. þm. Suðurk.
Drífa Hjartardóttir, 5. þm. Suðurk.
Hjálmar Arnason, 6. þm. Suðurk.
Björgvin G. Sigurðsson, 7. þm. Suðurk.
Guðjón Hjörleifsson, 8. þm. Suðurk.
Magnús Þór Hafsteinsson, 9. þm. Suðurk.
Jón Gunnarsson, 10. þm. Suðurk.

Árni M. Mathiesen, 1. þm. Suðvest.
Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.
Gunnar Birgisson, 3. þm. Suðvest.
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Suðvest.
Siv Friðleifsdóttir, 5. þm. Suðvest.
Sigríður A. Þórðardóttir, 6. þm. Suðvest.
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 7. þm. Suðvest.
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 8. þm. Suðvest.
Katrín Júlíusdóttir, 9. þm. Suðvest.
Gunnar Örlygsson, 10. þm. Suðvest.
Bjarni Benediktsson, 11. þm. Suðvest.

Geir H. Haarde, 1. þm. Reykv. s.
Jóhanna Sigurðardóttir, 2. þm. Reykv. s.
Pétur H. Blöndal, 3. þm. Reykv. s.
Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.
Mörður Arnason, 7. þm. Reykv. s.
Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv. s.
Ögmundur Jónasson, 9. þm. Reykv. s.
Ágúst Ólafur Ágústsson, 10. þm. Reykv. s.
Birgir Ármannsson, 11. þm. Reykv. s.

Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. n.
Davíð Oddsson, 2. þm. Reykv. n.
Bryndís Hlöðversdóttir, 3. þm. Reykv. n.
Björn Bjarnason, 4. þm. Reykv. n.
Guðrún Ögmundsdóttir, 5. þm. Reykv. n.
Guðlaugur Þór Þórðarson, 6. þm. Reykv. n.

Halldór Ásgrímsson, 7. þm. Reykv. n.
 Kolbrún Halldórsdóttir, 8. þm. Reykv. n.
 Helgi Hjörvar, 9. þm. Reykv. n.
 Sigurður Kári Kristjánsson, 10. þm. Reykv. n.
 Árni Magnússon, 11. þm. Reykv. n.

Varamenn:

Herdís Á. Sæmundardóttir, 1. vþm. Framsfl. í Norðvest.
 Eydís Líndal Finnbogadóttir, 2. vþm. Framsfl. í Norðvest.
 Steinunn Kristín Pétursdóttir, 1. vþm. Frjálsl. fl. í Norðvest.
 Pétur Bjarnason, 2. vþm. Frjálsl. fl. í Norðvest.
 Gísli S. Einarsson, 1. vþm. Samf. í Norðvest.
 Sigríður Ragnarsdóttir, 2. vþm. Samf. í Norðvest.
 Guðjón Guðmundsson, 1. vþm. Sjálfstfl. í Norðvest.
 Adolf Hjörvar Berndsen, 2. vþm. Sjálfstfl. í Norðvest.
 Jóhanna Erla Pálmadóttir, 3. vþm. Sjálfstfl. í Norðvest.
 Árni Steinar Jóhannsson, 1. vþm. Vinstri-gr. í Norðvest.

Pórarinn E. Sveinsson, 1. vþm. Framsfl. í Norðaust.
 Katrín Ásgrímsdóttir, 2. vþm. Framsfl. í Norðaust.
 Svanhvít Aradóttir, 3. vþm. Framsfl. í Norðaust.
 Ólafur Níels Eiríksson, 4. vþm. Framsfl. í Norðaust.
 Lára Stefánsdóttir, 1. vþm. Samf. í Norðaust.
 Örylgur Hnefill Jónsson, 2. vþm. Samf. í Norðaust.
 Arnbjörg Sveinsdóttir, 1. vþm. Sjálfstfl. í Norðaust.
 Sigríður Ingvarsdóttir, 2. vþm. Sjálfstfl. í Norðaust.
 Hlynur Hallsson, 1. vþm. Vinstri-gr. í Norðaust.
 Bjarkey Gunnarsdóttir, 2. vþm. Vinstri-gr. í Norðaust.

Ísólfur Gylfi Pálmason, 1. vþm. Framsfl. í Suðurk.
 Eygló Þóra Harðardóttir, 2. vþm. Framsfl. í Suðurk.
 Grétar Mar Jónsson, 1. vþm. Frjálsl. fl. í Suðurk.
 Brynja Magnúsdóttir, 1. vþm. Samf. í Suðurk.
 Önundur S. Björnsson, 2. vþm. Samf. í Suðurk.
 Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, 3. vþm. Samf. í Suðurk.
 Gerður Pétursdóttir, 4. vþm. Samf. í Suðurk.
 Kjartan Ólafsson, 1. vþm. Sjálfstfl. í Suðurk.
 Böðvar Jónsson, 2. vþm. Sjálfstfl. í Suðurk.
 Helga Þorbergsdóttir, 3. vþm. Sjálfstfl. í Suðurk.

Páll Magnússon, 1. vþm. Framsfl. í Suðvest.
 Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, 1. vþm. Frjálsl. fl. í Suðvest.
 Ásgeir Friðgeirsson, 1. vþm. Samf. í Suðvest.
 Valdimar L. Friðriksson, 2. vþm. Samf. í Suðvest.
 Jón Kr. Óskarsson, 3. vþm. Samf. í Suðvest.

Sandra Franks, 4. vþm. Samf. í Suðvest.
 Sigurrós Þorgrímsdóttir, 1. vþm. Sjálfstfl. í Suðvest.
 Þórdís Sigurðardóttir, 2. vþm. Sjálfstfl. í Suðvest.
 Bryndís Haraldsdóttir, 3. vþm. Sjálfstfl. í Suðvest.
 Hildur Ragnars, 4. vþm. Sjálfstfl. í Suðvest.
 Almar Grímsson, 5. vþm. Sjálfstfl. í Suðvest.

Björn Ingi Hrafnsson, 1. vþm. Framsfl. í Reykv. s.
 Einar Karl Haraldsson, 1. vþm. Samf. í Reykv. s.
 Kristrún Heimisdóttir, 2. vþm. Samf. í Reykv. s.
 Jakob Frímann Magnússon, 3. vþm. Samf. í Reykv. s.
 Bryndís Nielsen, 4. vþm. Samf. í Reykv. s.
 Lára Margrét Ragnarsdóttir, 1. vþm. Sjálfstfl. í Reykv. s.
 Guðrún Inga Ingólfssdóttir, 2. vþm. Sjálfstfl. í Reykv. s.
 Vilhjálmur P. Vilhjálmsson, 3. vþm. Sjálfstfl. í Reykv. s.
 Kolbrún Baldursdóttir, 4. vþm. Sjálfstfl. í Reykv. s.
 Auður Björk Guðmundsdóttir, 5. vþm. Sjálfstfl. í Reykv. s.
 Álfheiður Ingadóttir, 1. vþm. Vinstri-gr. í Reykv. s.

Guðjón Ólafur Jónsson, 1. vþm. Framsfl. í Reykv. n.
 Sæunn Stefánsdóttir, 2. vþm. Framsfl. í Reykv. n.
 Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 1. vþm. Samf. í Reykv. n.
 Ellert Schram, 2. vþm. Samf. í Reykv. n.
 Eiríkur Bergmann Einarsson, 3. vþm. Samf. í Reykv. n.
 Sigrún Grendal Jóhannesdóttir, 4. vþm. Samf. í Reykv. n.
 Ásta Möller, 1. vþm. Sjálfstfl. í Reykv. n.
 Katrín Fjeldsted, 2. vþm. Sjálfstfl. í Reykv. n.
 Ingvi Hrafn Óskarsson, 3. vþm. Sjálfstfl. í Reykv. n.
 Soffía Kristín Þórðardóttir, 4. vþm. Sjálfstfl. í Reykv. n.
 Atli Gíslason, 1. vþm. Vinstri-gr. í Reykv. n.

Alþingi, 26. maí 2003.

Einar K. Guðfinnsson,
 form., frsm.

Hjálmar Árnason.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

Sigríður A. Þórðardóttir.

Magnús Stefánsson.

II. Álit og tillögur minni hluta kjörbréfanefndar.

Lögð hefur verið fram til dómsmálaráðuneytisins rökstudd kæra, þar sem opinberar niðurstöður alþingiskosninganna frá 10. maí sl. eru dregnar í efa. Samkvæmt 46. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33 frá 17. júní 1944, sker Alþingi sjálft úr um hvort þingmenn þess séu löglega kosnir. Án sérstakrar rannsóknar verður ekki lagt mat á þær ásakanir sem fram koma í kærinni. Í fyrirliggjandi kæru er vísað til þess að framkvæmd kosninganna hafi ekki verið í samræmi við lög og mismunandi aðferðum hafi verið beitt við meðferð kjörgagna í hverju kjördæmi fyrir sig.

Frjálsar kosningar eru einn af hornsteinum lýðræðisins. Framkvæmd þeirra og niðurstöður verða að vera hafnar yfir allan vafa. Þar má engan skugga bera á. Því verður að taka rökstuddar ábendingar, þar sem opinberar niðurstöður kosninga eru dregnar í efa, mjög alvarlega. Ekkert má verða til þess að draga úr trúverðugleika alþingiskosninga svo mikilvægar sem þær eru lýðræðinu. Því liggur mikið við að Alþingi vandi mjög meðferð sína á þessu máli.

Alþingi er skv. 46. gr. stjórnarskrárinnar falið að úrskurða um lögmæti kosninga. Í lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, og í lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, er fjallað um hvernig með slíkar kærur skuli farið.

Það er grundvallarregla allra sem fara með úrskurðarvald að áður en úrskurður er upp kveðinn fari fram sjálfstæð rannsókn á þeim atriðum sem um er deilt. Þessi meginregla hlýtur einnig að eiga við um mál sem koma til kasta Alþingis sem úrskurðaraðila. Því er í 5. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, heimildarákvæði þar sem segir m.a. að þingið geti við rannsókn á kjörbréfum þingmanna frestað því að taka kosningu gilda til þess að fá skýrslur. Lögin gera því beinlínis ráð fyrir því að Alþingi taki að sér að rannsaka ágalla sem kunna að hafa verið á framkvæmd kosninga, áður en ákvörðun er tekin um hvort hún skuli metin gild. Alþingi ber að sinna þessari rannsóknarskyldu sinni áður en endanleg ákvörðun um gildi kosninganna og kjörbréfa er tekin.

Það er eðlilegt að þessari heimild verði beitt nú þegar kjörbréf eru rannsökuð. Í þessu sambandi má nefna að í dönsku þingkosningunum árið 1984 tók danska þingið ákvörðun um endurtalningu utankjörfundaratkvæða án þess að bein heimild væri til slíks í dönsku kosningalögum. Í kjölfar þessa atviks var síðan lögfest bein heimild til handa þinginu til að ákveða endurtalningu.

Þótt ekki sé á þessu stigi gerð krafa um endurtalningu allra atkvæða má vera að slíkt kunni að vera nauðsynlegt við nánari skoðun. Það sem mestu skiptir er að vilji kjósenda nái fram að ganga og öllum vafa um annað sé eytt.

Minni hluti kjörbréfanefndar telur því rétt að Alþingi fresti því um sinn að kveða upp úr um lögmæti kosninganna og kalli eftir skýrslum. Minni hlutinn telur nauðsynlegt að Alþingi fái skýrslur frá yfirkjörstjórnnum allra kjördæmanna. Slík skýrsla væri sameiginleg yfirlýsing allra sem sæti eiga í kjörstjórn. Í skýrslunni yrði að tilgreina nákvæmlega hvaða aðferðum var beitt þegar úrskurðað var um gildi atkvæða, hvaða tilvik komu upp, hvers eðlis þau voru og fjölda tilvika, auk þess að upplýsa um þau meginsjónarmið sem lágu að baki úrskurðum um hvort atkvæði teldust gild eða ógild. Enn fremur þurfa kjörstjórnir að lýsa viðhorfum sínum til þeirra atriða sem gerðar eru athugasemdir við í áður tilgreindri kæru.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um það hve miklu skiptir að meðferð kjörgagna sé sambærileg milli kjördæma. Jöfnunarþingsætum er m.a. úthlutað með tilliti til niðurstöðu á

landsvísu. Þar sem örfá atkvæði skildu að einstaka frambjóðendur og réðu úrslitum um það hvort þeir næðu kjöri til þings eður ei getur mismunandi meðferð kjörgagna, mannlegar yfirsjónir við talningu o.fl. skipt miklu um endanleg úrslit kosninganna. Slík atriði gætu hafa leitt til þess að vilji kjósenda kom ekki fyllilega fram. Það er óásættanlegt. Minni hlutinn telur því að þingið verði að kanna þær ásakanir sem fram eru komnar áður en ákvörðun um gildi kosninganna er tekin.

Það yrði að telja afar óeðlilegt ef Alþingi hafnaði beiðni um að fá slíkar skýrslur. Með þessum tillöguflutningi telur minni hlutinn að eyða megi þeirri óvissu eða vafa um niðurstöður kosninganna og ná fullri sátt um afgreiðslu málsins. Það er skylda Alþingis að sjá til þess að allri hugsanlegri óvissu um niðurstöður kosninganna verði eytt. Þar er trúverðugleiki lýðræðisins í veði.

Í samræmi við framangreint gerir minni hlutinn svohljóðandi tillögu:

Alþingi ákveður að fresta því að kveða upp úr um kjörbréf þingmanna og lögmæti alþingiskosninganna 10. maí sl., sbr. 5. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, og 46. gr. stjórnarskrár lýðveldisins, þar til fengnar hafa verið skýrslur frá yfirkjörstjórnnum allra kjördæma um meðferð kjörgagna og framkvæmd kosninganna. Kjörbréfanefnd hefur umsjón með gagnaöflun og skulu yfirkjörstjórnir í hverju kjördæmi skila skýrslum innan sjö daga frá samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 26. maí 2003.

Lúðvík Bergvinsson.

Guðjón A. Kristjánsson.

Ögmundur Jónasson.

Jóhann Ársælsson.

1. Tillaga til þingsályktunar [1. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 129. löggjafarþingi 2003.)

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 27. maí 2003 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til septemberloka.

2. Tillaga til þingsályktunar [2. mál]

um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Kolbrún Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum. Friðlýsingin taki til alls vatnasviðs Jökulsár á Fjöllum að Kreppu og öðrum þverám meðtöldum með náttúrulegum rennslisháttum, þar sem hvers kyns röskun og mannvirkjagerð er bönnuð. Sérstaklega verði hugað að því við undirbúning málsins hvernig friðlýsing Jökulsár á Fjöllum skuli tengjast núverandi þjóðgarði í Jökulsárgljúfrum og fyrirhuguðum Vatnajökulshjóðgarði og stofnun frekari þjóðgarða eða verndar-svæða norðan jökla.

Greinargerð.

Enginn vafi er á því að Jökulsá á Fjöllum, Dettifoss og Jökulsárgljúfur, að meðtöldu hinu stórbrotna umhverfi árinna allt frá upptökum við jaðra Dyngjujökuls og Brúarjökuls til sjávar í Óxarfirði, er einstæð náttúrugræsi. Fyrst skal frægan telja Dettifoss, sem oft er titlaður aflmesti eða völdugasti foss í Evrópu, þá hin miklu gljúfur, Hafragilsfoss og Selfoss og þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum að meðtöldu Ásbyrgi. Ævi sinni lýkur Jökulsá með því að flæmast um sandana fyrir botni Óxarfjarðar og hefur þá grafið í sand eitt af háhitasvæðum landsins. Umhverfið við efri hluta árinna er ekki síður stórbrotið allt frá upptökum við Dyngjujökul vestan Kverkfjalla þar sem áin flæmist um hina miklu sandauðn norðan jökulsins með Kverkfjallarana og Krepputungu austan við. Trölladyngja, Dyngjujöll og Herðubreið með Ódáðahraun að baki skapa stórbrotna umgjörð í vestri. Undan vesturjaðri Brúarjökuls koma svo Kverká og Kreppa og sameinast Jöklu norðan Krepputungu eftir að hafa runnið á leið sinni til móðurelfunnar um land sem ekki er síður stórbrotið. Um svæðið má segja að Jökulsá á Fjöllum sé bandið sem tengir saman og gerir að einni heild eitthvert stórkostlegasta náttúrufræðisjarðarinnar. Samspil elds og ísa, landmótun og jarðfræði sem einkennist af mikilli eldvirkni og m.a. móbergsmýndunum frá ísaldartímum sem eiga enga sína líka í veröldinni, ummerki gríðarlegra hamfarahlaupa, gróðurvinjar, úfin hraun og eyðimerkur, dýralíf og vatnafar.

En það er ekki aðeins landið umhverfis og Jökulsá á Fjöllum sem hluti af stórbrotinni landslagsheild sem gefa ánni mikið gildi, heldur og sjálft vatnasviðið í heild sinni, stórbrotið samspil jökulvatna og lindáa og rennslishættir allra þessara vatna. Á Íslandi hefur það að vísu fram undir síðustu ár ekki verið mikið til umræðu að náttúrulegir rennslishættir fallvatna gætu

haft verndargildi í sjálfu sér en sú umræða er fyrir löngu vel þekkt í ýmsum nálægum löndum. Víða hefur rennslisháttum vatna fyrir löngu verið raskað í umtalsverðum mæli, t.d. í þágu samgangna á vatni og við gerð skipaskurða, stíflumannvirkja og vatnaflutninga til áveitu eða jafnvel með mannvirkjum sem tengdust timburfleytingum. Virkjanir, uppistöðulón, vatnsmiðlun og vatnaflutningar eru hins vegar þær framkvæmdir sem á seinni áratugum eru algengustu ástæður þess að náttúrulegum rennslisháttum fallvatna hefur verið raskað. Ef svo heldur fram sem horfir á Íslandi verða nokkur af stærstu jökulvötnum landsins miðluð og náttúrulegum rennslisháttum þeirra gjörbreytt innan fárra ára. Hér er átt við Þjórsá og Tungnaá sem þegar má heita að séu fullmiðlaðar og síðan bætast Jökulsá á Dal og Jökulsá í Fljótsdal í hópinn. Í þessu ljósi verður verndargildi Jökulsár á Fjöllum og Kreppu með óbreyttum rennslisháttum enn þá meira en ella. Allt stefnir í að Jökulsá á Fjöllum verði eina verulega korguga jökulfljótið í þessum stærðarflokki sem ekki hefur enn verið hróflað við. Um er að ræða næstlengstu á landsins, stærsta vatnasviðið, um 8.000 ferkílómetra, og fjórða vatnsmesta fallvatnið miðað við meðalrennsli. Umhverfi árinna ber merki gríðarlegra hamfarahlaupa og enn vekja hlaup í Jökulsá undrun og aðáun þeirra sem þau líta augum, ekki síst að sjá Dettifoss í tröllslegum ham þegar vatnsmagnið hefur margfaldast. Allt ber að sama brunni; hin einstæðu verðmæti sem fólgin eru í Jökulsá á Fjöllum og umhverfi hennar, hvoru tveggja óröskuðu af manna völdum, eru miklu meira en fullgild rök fyrir alfriðun.

Í merkri samantekt sinni um fossa á Íslandi setur Sigurður Þórarinnsson fossaröðina í Jökulsá á Fjöllum í hæsta verndarflokk og segir að fossana eigi tvímælalaust að friðlýsa ásamt nánasta umhverfi og því fyrr því betra. (Sjá: Sigurður Þórarinnsson 1978. Fossar á Íslandi. Náttúruverndarráð, Fjölrit nr. 2.) Um fossaröðina segir Sigurður: „... stórvirkjun í Jökulsá eyðileggur röð fossa: Selfoss, Dettifoss og Hafragilsfoss, sem samanlagt eiga enga sína líka hérlendis og í Evrópu allri“. Í sama riti lýsir Sigurður viðhorfum sem ekki eiga síður við í dag. Hann segir: „Því er nú mjög á lofti haldið, og vissulega með veigamiklum rökum, að í fossum landsins búi nokkuð af framtíð okkar þjóðar, er byggist á þeim verðmætum, sem mæld eru í kílóvattstundum. En þar við liggur einnig brot af framtíðarhamingju þjóðarinnar, að hún gleymi því ekki, að í fossum landsins búa einnig verðmæti, sem ekki verða metin til fjár, en mælast í unaðsstundum.“

Ýmsar hugmyndir hafa verið og eru á kreiki sem tengjast frekari verndun þess svæðis sem Jökulsá á Fjöllum rennur um. Vinna stendur yfir við gerð náttúruverndaráætlunar og við að skoða mögulega stofnun þjóðgarðs eða verndarsvæðis norðan jökla þar sem sjónir hljóta m.a. að beinast mjög að Jökulsá á Fjöllum. Á hinn bóginn er rétt að hafa í huga virkjanaáform á svæðinu og að bæði eldri og yngri ráðagerðir um virkjun Jökulsár á Fjöllum eru til staðar og hafa greinilega ekki verið afskrifaðar af öllum.

Flutningsmenn eru þeirrar skoðunar að tímabært sé og þarft að Alþingi sjálft taki af skarið í þessu máli. Eðlilegt er að láta reyna á hástemmdar yfirlýsingar sem fallið hafa á undanförunum mánuðum og missirum um vilja til að ekki verði hróflað við Jökulsá á Fjöllum. Rétt er að taka fram að lokum að tillaga þessi er hugsuð sem algerlega sjálfstætt innlegg í hina almennu náttúruverndarumræðu og þá vinnu sem nú stendur yfir við gerð nýrrar náttúruverndaráætlunar. Sama gildir um vinnu fyrrgreindrar nefndar um þjóðgarð eða verndarsvæði norðan Vatnajökuls. Með því einu að friða Jökulsá á Fjöllum, þótt stórt skref væri, er langt í frá að fullnægjandi árangri sé náð á þessu sviði náttúruverndar. Að sjálfsögðu koma mörg önnur vatnsföll stór og smá og vatnasvið þeirra til greina með alveg sama hætti. Er þar nærtækt að nefna sem dæmi Hvítárnar tvær, í Borgarfirði og í Árnessýslu, og Skjálfafljót. Öll eiga þessi vatnsföll það sameiginlegt með Jökulsá á Fjöllum að falla um einstaklega falleg

hérúð og í þeim eru stórbrotnir fossar sem ekki verður trúað að óreyndu að nokkur vilji sjá fórnað. Þess ber að geta að áður hafa verið fluttar tillögur hér á Alþingi svipaðs efnis og sú sem hér er fram borin og skal sérstaklega minnt á tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu Hvítár/Ölfusár og Jökulsár á Fjöllum sem flutt var á 113. og 120. löggjafarþingi.

3. Þingsályktun

[1. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Alþingi 27. maí.)

Samhljóða þskj. 1.